

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samgöngustjóri hefur, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

- Að akrein lengst til hægri á akstursleið til norðurs á Snorrabraut, milli Grettisgötu og Hverfisgötu, verði merkt sem sérakrein fyrir Strætó.
- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum beggja vegna Rafstöðvarveggar frá Rafstöðvarvegi 4 að botnlanga innst á Rafstöðvarvegi.
- Að eitt bifreiðastæði við Þórunnartún hafi 15 mínútna hámarkstíma.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Skrifstofu stjórnarsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, 7. júní 2024.*

**Harpa Fönn Sigurjónsdóttir** lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 24. júní 2024